

14.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins þriðjudaginn 19. apríl 2011 og hófst klukkan 17.00

Mætt voru: Sigurjón, Birgir, Guðjón, Kári og Gry.

Gestur á fundinum var Lárus Pálsson, ritari Lyftingarsambands Íslands.

Sigurjón setti fundinn og óskaði Lárusi velkominn. Sigurjón kynnti fyrir honum tilurð Kraft og sagði frá starfinu undanfarið. Lárus flutti kveðju frá stjórn Lyftingarsambandsins og sagði frá stöðu mála hjá þeim. Menn skiptust á upplýsingum og skoðunum og ákveðið var að halda tengsl sambandanna og ræða mögulegt samstarf í framtíðinni. Ákveðið var að ræða saman aftur í haust. Lárus fór af fundinum með kveðjur til sinna féлага.

1) Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2) Fjármál.

Hjalta Árnason lagði til flugmiða þegar Auðunn Jónsson keppti á Arnold Classic í mars. Sambandið á inni annan flugmiða hjá Hjalta og verður hann notaður í júní þegar Gry fer með Massa á unglíngamót í Noregi.

Sambandið á inni flugmiða fyrir 120.000 krónur frá 2010 hjá ÍSí.

Sambandið hefur fengið styrk frá Ólympíufjölskyldunni fyrir 2011 upp á 200.000 krónur og auk þess farmiða fyrir 120.000 krónur.

Ákveðið var að styrkja keppendur í unglínga- og öldungaflokkum með 60.000 krónur upp í kostnað.

Kári gerði grein fyrir lausafjárstöðu sambandsins og lagði fram uppgjör fyrir fyrstu mánuði ársins. Kári hefur sett bókhaldið vel upp í aðgengilegu formi í excell og er það mjög til bóta að geta framvegis fært bækurnar þannig og átt á hverjum tíma nákvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðuna. Kári hefur líka unnið í ársskýrslu Kraft og var honum þakkað fyrir þetta góða starf með lófataki.

**Aðgerð:** Guðjón sendir Kára skjal yfir landsliðinu þar sem Kári getur skráð inn styrki til einstaklinga.

3) Landsliðsmál.

Norðurlandamót unglínga hefst í Svíþjóð nk. laugardag og fara tveir íslendingar þangað; Grétar Skúli Gunnarsson sem keppandi og Rúnar Friðriksson sem aðstoðarmaður.

Þeir þurfa að fá með sér búninga og fána og upplýsingar um fjármál.

**Aðgerð:** Guðjón hefur samband við Grétar og Rúnar og lætur þá fá búninga. Gry athugar með fána og þjóðsönginn fyrir þá.

4) Búningamál

Birgir gerði grein fyrir því að búið er að panta búninga fyrir landsliðsmenn, póloboli og boli frá Henson og verða þeir tilbúnir 28.apríl.

5) Samkomulag við þá sem koma fram erlendis fyrir hönd Kraft.

Gengið verður frá samkomulagi byggt á drögum frá Gry. Bætt verður við ákvæði um að styrki verði aðeins greiddir út gegn kvittunum fyrir útlögðum kostanði.

**Aðgerð:** Sigurjón sendir Gry endurskoðaða útgáfu af drögum.

6) Agamál.

**Aðgerð:** Sigurjón hefur samband við formann Kraftlyftingadeildar Ármanns vegna agabrots.

7) Önnur mál

- Kári upplýsti að Kraftlyftingafélag Akraness ætlar að halda réttstöðumót í tengslum við Íraska

daga í sumar. Um er að ræða sýningarmót og verið er að móta hugmyndina. Markmiðið er að mótið verði á mótaskrá á næsta ári.

- Gry upplýsti að dómaraprófið verður 28.maí og fylltist skráningarlistinn samdægurs. Ekki hefur fengist staðfestan mótshaldara fyrir byrjendamótið í tengslum við prófið. Ákveðið var að auglýsa mótið sem æfingarmót og hvetja lið til að senda keppendur. Þátttökugjald verður rætt við mótshaldara þegar hann finnst.

**Aðgerð:** Gry auglýsir og sendir bréf og heldur utanum málið áfram.

- Gry upplýsti að búið er að ganga frá skráningu fjögurra drengja frá Massa á unglíngamótið í Noregi 18.júni.

Fundi slitið kl. 19.00